

Akureyri 14.10.1986

Kæru landsfundarkonur!

Fyrir skömmu barst mér í hendur plagg frá Kvennalistanum, þar sem m.a. koma fram ýmsar hugmyndir og tillögur um verkefni. Meðal annars er verið að velta fyrir sér stefnunni í hinum og þessum málum. Æinum stað stendur eitthvað á þessa leið: "Hver er stefna okkar í byggðamálum? Eigum við t.d. að halda uppi byggð í öllum krummaskuðum á landinu með þeim kostnaði sem því fylgir vegna vega- og símalagna og annarrar þjónustu."

Það var líkast því að fá högg fyrir bringspalirnar að lesa þessa klausu og það i kvennalistaþraggi (ekki af því að sjónarmiðið sé neitt óalgengt, t.d. í fjölmíðlum).

Kæru stelpur, hvað er krummaskuð? Hvernig formúlu notið þið til að reikna út hvenær byggðarlag telst krummaskuð? Er t.d. hugsanlegt að Reykjavík geti talist krummaskuð vegna þess að þar eru engin blómleg býli eins og t.d. á Melrakkasléttu? Skiljið þið hvað ég á við? Þetta fer eftir matinu, sem lagt er til grundvallar. Föllum ekki í þá háskalegu gröf, konur á Íslandi, að fordæma það sem við þekkjum ekki. Það gera nógum margir.

Sem betur fer fyrir okkur sem búum í þessum (frá höfuðborgarsjónarhlí) krummaskuðum, getum við fært tölfraðileg rök fyrir því að þessir staðir fera öllu meira í þjóðarbúið pr/ibúa en t.d. höfuðborgin. Þið verðið þess vegna fátækari, við verðum öll fátækari, ef þessir staðir leggjast í eyði, bæði í bókstaflegri merkingu og yfirfærðri. Byggilegir staðir eiga ekki að vera í eyði nema því aðeins að manneskjurnar sem byggja þá spilli þeim. Varðandi vegakostnaðinn o.s.frv. vegna dreifbýlis, vill svo til, sem betur fer fyrir heill íslensku þjóðarinnar, að kostnaður við veki er ekki reiknaður út eftir því hve mikið hver einstakur notar hvern vegarspotta, enda væri þá stutt í að reikna aðra, frá mannréttindasjónarmiði sjálfsagða þjónustu á sama hátt. Það er að segja eftir því hvort viðkomandi notar hana mikið eða lítið. Hvað þarf ég t.d. að vera að borga fyrir þessa aumingja sem eru alltaf veikir? Sjálf vil ég þó hafa þessa þjónustu þegar hún hentar mér, veki, sjúkratryggingu, félagslegt öryggi. Fólkidó i krummaskuðunum á sama rétt og þið við Skúlagötuna.

Kvennalistinn á erfitt uppdráttar í dreifbýlinu og svona "klysjur" eins og hér er tekin til umræðu verður ekki til að auka skilninginn. Því verður ekki á móti mælt að Kvennalistinn er fyrst og fremst borgarflokkur og ef til vill lika borgarflokkur.

Ef til vill finnst konum í dreifbýlinu þær hvorki hafa tíma né efni á að pæla í kvennapólitík. Fyrst þarf að gera þeim það kleift.

Elsku bestu þingkonur, hættið að tala um lágmarkslaunin (þegar þau hækka í 30.000, hækka hæstu launin sexfalt). Leggið heldur til að sett verði ákvæði um HAMARKSLAUN, t.d. á þann hátt að hæstu laun megi ekki vera meira en þrisvar sinnum hærri en lágmarkslaunin. Síðan er hægt að setja viðurlög eða leggja allt að 80% skatt á það sem barna fer yfir. Ætli lægstu launin yrðu ekki fljót að hækka!! Samhliða þessu legg ég til að sett verði þak á yfirvinnu og eftirlit hert með því að fólk vinni ekki í sumarfríinu sín. Auðvitað veit ég vel að þannig fer þessi með 18.500 krónurnar að hækka launin sín, svo að hún geti skrimt, þess vegna þurfa að koma aðrar aðgerðir jafnframt.

Ennfrémur þarf að koma á staðgreiðslukerfi skatta, einföldu kerfi. Í meyjarinnar bænum, gerum konum auðveldara að átta sig á efnahagsmálum heimilisins, t.d. á þennan hátt.

Elsku stelpur, hættið að tala um tekjur heimilisins. Heimili vinna ekki fyrir neinum tekjum, nema þar sem góð kona er heima og sparar útgjöldin. Lírum á hjón og fólk í sambúð sem einstaklinga með eigin tekjur, eigin skatta og eigin ábyrgð. Það er einkamál hverrar manneskju með hverjum hún býr. Til dæmis geta tvær konur búið saman og þær eru ekki skattlagðar sem ein eining.

Eg hef því miður ekki aðstöðu til að sækja fundi suður á land, en mig langar að koma þessum hugsunum á framfæri. Það er ekki meining mínn að vera neikvæð, ég vona að það hljómi ekki þannig. En ég vil að við stöndum saman og TÖLUM SAMAN, allar konur á Íslandi.

Baráttukveðjur

Guðrún Hallgrímsdóttir